



346. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og á Microsoft Teams, fimmtudaginn 2. nóvember 2023 kl. 12:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Garðar Svansson, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Hörður Þorsteinsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSí.

Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Daníel Jakobsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir og Kári Mímisson.

Forföll: Valdimar Leó Friðriksson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Erindi til ÍSí

Tekin fyrir formleg erindi sem borist hafa til ÍSí á undanförunum vikum:

a. UMFS og JSÍ – staða

Andri skýrði frá ágreiningi sem staðið hefur yfir á milli júdódeildar Umf. Selfoss og Júdósambands Íslands. ÍSí hefur haft stjórnsýslulega milligöngu í málinu en ekki efnislega enda varðar málið ákvarðanir sem eru í höndum JSÍ og júdóhreyfingarinnar.

Skrifstofa ÍSí fær afrit af samskiptum aðila og er þannig eftir atvikum upplýst um framvinduna.

b. Erindi SÍL

Lagt fram erindi frá Siglingsambandi Íslands um leiðréttingu á útbreiðslustyrk og lóttogreiðslum til sambandsins. Úlfur H. Hróbjartsson vék af fundi á meðan um mál þetta var fjallað.

Málið rætt og samþykkt að vísa því til skoðunar og umfjöllunar hjá Fjármálaráði ÍSí.

Samþykkt að skrifstofa setji rökstuðning, vegna þess hluta úthlutunar til sambandsaðila sem bundinn er í mati framkvæmdastjórnar, í læsilegri og myndrænni búning til að auka megi skilning á þeim forsendum sem liggja að baki þessu mati.

c. Erindi sex sérsambanda

Tekið fyrir bréf frá Blaksambandi Íslands, Fimleikasambandi Íslands, Frjálsíþróttasambandi Íslands, Sundsambandi Íslands, Knattspyrnusambandi Íslands og Körfuknattleikssambandi Íslands þar sem bent er á ýmis atriði í tengslum við endurskoðun á nýrri reglugerð Afrekssjóðs ÍSí sem betur hefðu mátt fara að þeirra mati.

Málin rædd. Framkvæmdastjórn er ósammála því sem fram kemur í bréfinu að framkvæmdastjórn hafi ekki verið upplýst um þær breytingar sem lagðar voru fyrir sérsamböndin áður en þær voru kynntar fyrir sérsamböndunum. Allar fundargerðir Afrekssjóðs ÍSí liggja fyrir framkvæmdastjórn hverju sinni, eru ræddar á fundum stjórnar og þeim málefnum sem sjóðsstjórnin hefur til umfjöllunar hverju sinni gerð góð skil af formanni sjóðsins.

d. Erindi KSÍ

Tekið fyrir bréf frá KSÍ þar sem m.a. kemur krafa um að sambandið njóti jafnræðis við úthlutun úr Afrekssjóði ÍSí og hljóti þannig viðurkenningu sem afrekssamband ÍSí. Í bréfinu fylgir einnig rökstuðningur KSÍ vegna málsins.

Erindinu var vísað til Afrekssjóðs til umfjöllunar.

2. Afrekssjóður ÍSÍ

Daníel Jakobsson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ og Kári Steinn Reynisson rekstrarstjóri ÍSÍ fóru yfir stöðu mála varðandi endurskoðun á reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ. Farið var sérstaklega í þær uppfærslur/breytingar sem gerðar voru eftir fund með sérsamböndum ÍSÍ. Sýndur var samanburður á úthlutun út frá nýjum úthlutunarreglum og út frá þeim reglum sem hafa verið í gildi síðustu ár, til glöggvunar.

Skýrðar voru út áherslubreytingar sjóðsstjórnar, bæði varðandi umsóknarferlið og útreikninga.

Reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ, eins og hún var lögð fyrir fundinn, samþykkt einróma.

3. Fundargerð laganefndar

Tekin fyrir fundargerð laganefndar ÍSÍ frá 12. október sl. Fundargerðin samþykkt og þannig allar tillögur nefndarinnar að afgreiðslu erinda.

4. Svæðaskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ – staða

Forseti skýrði stöðu mála varðandi svæðaskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ. Tillagan sem lá fyrir ársþingi UMFÍ var samþykkt og gerð viljayfirlýsingar mennta- og barnamálaráðherra um aðkomu ríkisins er á lokastigi. Fundarð verður í næstu viku með fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna tenginga við sveitarfélögin í landinu.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með framgang þessa mikla hagsmunamáls hreyfingarinnar á landsvísu.

5. Önnur mál

Vinnuhópur ÍSÍ um sjálfboðaliða

Leitað var til UMFÍ um tvær tilnefningar í vinnuhópinn og tilnefndi UMFÍ þær Rakel Másdóttur og Málfríði Sigurhansdóttur til verkefnisins.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari